



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354) 562 0477 ♦ www.fuglavernd.is

## Ársskýrsla Fuglaverndar 2017

### Lögð fram á aðalfundi í Reykjavík 12. apríl 2018

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi í sal Barðstrendingafélagsins þann 18. apríl 2017 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Sindri Skúlason varaformaður; Aron Leví Beck Rúnarsson, ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Erpur Snær Hansen, Ólafur Karl Nielsen og Trausti Gunnarsson meðstjórnendur. Skoðunarmaður reikninga var valinn Sigfús Bjarnason og Gunnlaugur Pétursson til vara. Stjórnin hélt 7 fundi á árinu.

Árgjald var óbreytt á árinu: einstaklingsaðild kr. 4200, fjölskylduaðild 5200 og ungliða- og ellilífeyrisþegaaðild 3200. Um áramót voru skráðir félagsmenn 1155 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

### Rekstur

Skrifstofa er í eigin húsnæði að Hverfisgötu 105, við keyptum það fyrir arf Hjálmars R. Bárðarsonar árið 2014.

Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir og markaðs- og samskiptafulltrúi í hálfu starfi er Dögg Matthíasdóttir.

Konunglega breska fuglaverndarfélagið, RSPB og umhverfisráðuneytið styrktu félagið og gerðu starfsemi þess mögulega ásamt okkar ágætu félögum. Skil á árgjöldum voru góð eins og venjulega og eru þau betri hjá Fuglavernd en mörgum öðrum félögum. Stuðningsmaður félagsins til margra ára, Margrét Magnúsdóttir á Blönduósi, féll frá á árinu á 101. aldursári.

Vísir að verslun er nú í anddyrinu á Hverfisgötunni. Við seljum fuglafóður og fuglahús, bæði varpkassa og fóðurhús, sem eru smíðuð á Litla-Hrauni. Kort, barmmerki og aðra útgáfu félagsins, auk ýmiss annars varnings. Komið var á fót vefverslun, sem selur sama varning og verslunin. Fór hún vel af stað og var salan mest í júní og nóvember-desember, en hýðislaus sólblómafræ er vinsælasti varningurinn ásamt tækifæriskortum.

### Athugasemdir, kærur og ályktanir

Þann 16. júní gengu fulltrúar Fuglaverndar ásamt fulltrúum frá Skotvís og Vistfræðifélagsins á fund Bjartar Ólafsdóttur, umhverfisráðherra og færðu henni sameiginlega áskorun um friðun teistu. Teistu hafði fækkað verulega víða um land og vorið 2016 var gerð úttekt á sjálfbærni, bæði skotveiða á teistu og meðafla í grásleppunetum (sem og annarra veiðitegunda fugla) og var miðað við lægri tölu

meðafli. Niðurstaðan er að núverandi veiðar eru að meðaltali 7,4 sinnum hærrí en sjálfbærnimörk stofnsins leyfa. Skemmst er frá því að segja, að eftir að hafa leitað umsagna stofnana ráðuneytisins, friðaði Björt teistuna og tók friðunin gildi 1. september.

Í lok mars sendi félagið frá sér ályktun um vegagerð í Gufudalssveit. Ekki þá fyrstu og væntanlega ekki þá síðustu, en Vegagerðin hefur sýnt fádæma þrjósku og afturhaldsemi í þessu máli og tafið það óeðlilega og fengið heimamenn uppá móti þeim, sem vilja vernda náttúruna og velja umhverfisvænni veglínu en hún, þó sú lína sé ögn dýrari kostur.

Um miðjan maí skrifaði Fuglavernd ásamt 16 öðrum samtökum undir áskorun til Alþingis um uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands. Þau góðu tíðindi bárust síðan í lok júní, að safnið hefði undirritað samkomulag við Perlu norðursins um aðstöðu í Perlunni, þar sem verið er að byggja upp mikla sýningu um náttúru landsins. Á fjárlögum ársins 2018 fékk safnið síðan ríflegri fjárveitingu en nokkru sinni til uppbyggingar í Perlunni.

Þann 22. júní fagnaði Fuglavernd úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála varðandi sjókvíeldi. Þar segir meðal annars: Það að vanda skuli til verka og fylgja þeim stjórnsýslureglum og lögum sem í gildi eru, svo ekki sé minnst á alþjóðlegar skuldbindingar er kemur að náttúruvernd er vissulega áfangasigur.

Í lok september lýsti Fuglavernd yfir stuðningi sínum við stækkun friðlands í Þjórsárverum: „Nú verður Eyvafen friðlýst og þá er vonandi búið að slá endanlega út af borðinu allar hugmyndir um frekari lón í verunum (Norðlingaölduveitu), en Kvíslaveitur hafa nú þegar breytt vatnsbúskap veranna umtalsvert.“

Fuglavernd tók virkan þátt í baráttunni fyrir verndun Svartár í Bárðardal, sendi inn athugasemdir við frummatsskýrslu, sem rann út síðla í október og studdi Verndarfélag Svartár og Suðurár.

Félagið sendi inn athugasemdir vegna frummatsskýrslu um virkjun Hverfisfljóts við Hnútu í Fljótshverfi í byrjun nóvember.

Í lok árs sendum við síðan áskorun til fjárlaganefndar Alþingis, að skera ekki niður, heldur auka framlag til Náttúrustofa.

## **Útgáfa**

Útgáfa Fugla dróst fram yfir áramót og kom ellefta heftið út í febrúar 2017.

Fimm ný kort voru gefin út síðla árs.

Garðfuglabæklingurinn var endurnýjaður í lok árs, enda komin tími á að uppfæra hann og var útgáfan styrkt af umhverfisráðuneytinu.

## **Miðlun**

Vefurinn okkar hefur fengið nýja ásýnd en enn er verið að bæta og auka umfang upplýsinga á honum. Alls heimsóttu rúmlega 13.000 manns vefinn, 16.000 sinnum, á árinu.

Fylgjendur fésbókarsíðunnar voru um áramót 3940. Félagið kom jafnframt að síðum um friðlandið í Vatnsmýri og verndun Svartár. Félagið er með twitter-aðgang þar sem fylgjendur eru 298.

YouTube rás Fuglaverndar var stofnuð í aðdraganda ráðstefnunnar *Veitir válisti vernd?* í september 2017. Markmiðið er fræðsla og vitundarvakning, að geta sett inn eigið efni, svo sem fyrirlestra og ráðstefnur, til þess að tengja við vef Fuglaverndar og aðra samfélagsmiðla. Á rásinni eru 10 myndbönd, kynningarmyndband og upptökur af válistaráðstefnunni.

Á Flickr samfélagsmiðlinum eru 43 meðlimir í hópnum Fuglavernd og Fuglaverndar-reikningurinn okkar er svo meðlimur í hópnum *BirdLife International*, sem telur 655 meðlimi.

LinkedIn reikningur Fuglaverndar var stofnaður 13. júní, strax í kjölfar *Partner to Partner* fundar Norðurlandanna í Kaupmannahöfn. Markmiðið er fyrst og fremst að vera til staðar og til að efla leitarvélabestun. Starfsmennirnir tveir eru báðir skráðir hjá vinnuveitandanum.

### **Friðlandið í Flóa**

Fjöldi fólks heimsótti Friðlandið, jafnt Íslendingar sem útlendingar. Um vorið voru farnar hefðbundnar göngur með leiðsögn um helgar.

### **IBA – Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði**

Skráin yfir mikilvæg fuglasvæði inniheldur nú upplýsingar um 99 íslensk svæði og eru þær flestar nýlegar, þó aðaláherslan hafi verið á svæði sem ná að sjó, eða strandsvæði og fuglabjörg. Við erum komin langt á veg með að gera þau sýnileg á vefnum okkar.

### **Samstarf, innlent og erlent**

Náið samstarf var við Royal Society for the Protection of Birds (RSPB), eins og fram kom í kaflanum um rekstur. Aðaltengiliður okkar er Mark Day, en Lloyd Austin hjá Skotlandsdeildinni er tengiliður okkar við skotana.

Hlé var á vöktun fuglameðafla í grásleppuveiði í samstarfi við RSPB í Skotlandi og BirdLife, þar sem ákveðið var að bíða eftir viðbrögðum yfirvalda við niðurstöðum rannsóknar síðasta árs.

Dagana 7.-9. júní sóttu Dögg, Hólmfríður og Jóhann Óli fund norrænna fuglaverndarféлага í Kaupmannahöfn. Þar var endurvakið norrænt samstarf frá fyrsta áratug aldarinnar. Mark Day, hjá *BirdLife* og RSPB, átti stóran hlut í að endurvekja samstarfið.

Hólmfríður sótti framkvæmdastjórafund *BirdLife* en umhverfisráðuneytið styrkti ferðina.

Fundað var með Skotvís og Umhverfisstofnun um rjúpnaveiðar og áframhaldandi samstarf um að setja viðunandi veiðistjórnunarmarkmið.

Umhverfissráðuneytið gefur frjálsum félagasamtökum á sviði umhverfisverndar, færi á að tilnefna fulltrúa í nefndarstarf á vegum ráðuneytisins, og er Hólmfríður milliliður á milli ráðuneytis og félagasamtaka.

Við funduðum með Skotvís og vorum að þreifa fyrir okkur með frekara samstarf, en samstarfið um friðun teistu gaf góða raun. Enda eru hagsmunir beggja félaga oft á tíðum þeir sömu.

## **Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir**

### *Fræðslufundir*

Þann 15. febrúar héldu þeir Sölvi Rúnar Vignisson og Yann Kolbeinsson myndasýningu frá Suður-Afríku undir yfirskriftinni: *Á heimaslóðum höfðahopparans.*

Þann 30. mars vorum við með ljósmyndasýningu í samvinnu við Nýherja við Borgartún, þar sem m.a. voru kynntar myndavélar og linsur, sem henta í fuglaljósmyndun. Þetta er í 5. sinn sem slíkur atburður er haldinn og hafa þeir ávallt verið vel sóttir. Halldór Jón Garðarsson hefur haft veg og vanda að þessum atburðum að hálfu Nýherja en Sindri Skúlason að hálfu Fuglaverndar.

Hinn 6. desember var Sindri Skúlason með ljósmyndasýninguna: *Með haukfránum augum* og síðan kynnti Hjörleifur Hjartarson bók sína og Ránar Flygenring: *Fuglar.*

### *Fuglaskoðun*

Á degi jarðar, 22. apríl, stóð Fuglavernd fyrir fuglaskoðun í samstarfi við Grasagarð Reykjavíkur. Alls komu um 60 manns í fuglaskoðunina. Leiðsögumenn voru Einar Ó. Þorleifsson og Hannes Þór Hafsteinsson. Að lokinni göngunni komu hóparnir í garðskálann (Kaffi Flóru) þar sem kynning var á starfsemi Fuglaverndar, fuglahúsum og fuglafóðri.

Einnig áttum við í samstarfi við Grasagarðinn um sérstakan atburð 6. maí sem kallast á erlendri tungu *Bioblitz* eða lífveruleit og hin árlega vetrarfuglaskoðun var 12. desember undir yfirskriftinni: Fuglalíf að vetri og mættu 25 manns í hana.

Leynardómar Borgarfjarðar var yfirskrift fuglaskoðunarferðar í Borgarfjörð 13. maí. Ferðin heppnaðist vel og var þátttaka góð. Alex Máni Guðríðarson og Jóhann Óli Hilmarsson sáu um akstur og leiðsögn.

Í tilefni af alþjóðlega farfugladeginum var fuglaskoðun við Kasthúsatjörn 17. maí, Jóhann Óli Hilmarsson og Ólafur Einarsson leiddu.

Í júní voru farnar þrjár helgargöngur í Friðlandinu í Flóa, leiðsögumenn voru Stokkseyringarnir Alex Máni Guðríðarson, Hlynur Óskarsson og Jóhann Óli Hilmarsson.

Í tilefni af degi íslenskrar náttúru, 16. september, efndi Fuglavernd til fuglaskoðunar í Kjarnaskógi. Leiðsögumenn voru Eypór Ingi Jónsson og Sverrir Thorstensen.

Jafnframt efndu Menningarhúsin í Kópavogi, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Fuglavernd til fjöruferðar í Kópavogi á degi íslenskrar náttúru.

## Ráðstefnur og málþing

Fuglastígur á Norðurlandi hélt svokallaða Máfahátíð á Húsavík þann 9. mars, í samstarfi við nokkra aðila, og Fuglavernd þar á meðal. Athyglisverður atburður sem samanstóð af málþingi, fuglaskoðun og útinámsverkefni.

Dagana 22.-23. mars stóðu Fuglavernd, Háskóli Íslands, Alþjóða fuglaverndunarsamtökin *BirdLife International* og breska fuglaverndarfélagið *Royal Society for the Protection of Birds* fyrir vinnufundi um áhrif breytinga í hafinu á sjófuglastofna. Hún var vel sótt af völdum sérfræðingum um lífríki hafsins.

Félagið var með kynningu á ársfundi Waterbirds Society í Öskju í ágúst.

Föstudaginn 22. september héldu Fuglavernd, Háskóli Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands vel heppnað málþing sem bar heitið: Veitir válisti vernd? Á málþinginu voru flutt fjölmörg áhugaverð erindi, um válista almennt, lagalega stöðu hér á landi og í nágrannalöndunum og um þær fuglategundir sem hafa laka stöðu, bæði fargesti og staðbundnar tegundir.

Fuglavernd, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands efndu til opins fundar 16. október um stefnu stjórnmalaflokkanna í umhverfismálum, vegna komandi Alþingiskosninga.

Þann 8. desember tók Fuglavernd þátt í málþingi á vegum Festu, félags um samfélagsábyrgð, þar sem áhersla félagsins var á að kynna endurheimt votlendis.

## Garðfuglar

Garðfuglakönnun 2016-2017 hófst í október, en hún hefur staðið síðan árið 1994. Þátttakendur voru 18. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 27.-30. janúar. Þátttaka var sæmileg, 101 þátttakandi taldi í 10 gördum. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi og gerir að jafnaði grein fyrir niðurstöðum í Fuglum.

## Annað

Hópurinn *Hollvinir tjarnarinnar*, sem er samstarfsverkefni Fuglaverndar, Norræna hússins og borgarinnar, efndi til hreinsunardags í friðlandinu í Vatnsmýri 8. Apríl, sjötta árið í röð, um 25 manns mættu.

Þriggja daga fuglaljósmyndunarnámskeið var haldið í maí, 9 tóku þátt.

Nokkrir hlupu í Reykjavíkumaraþoni í nafni félagsins og voru áheit á þá um 40.000 krónur.

Fuglavernd, Blái herinn og bandaríska sendiráðið í Reykjavík ásamt bandaríska flughernum, efndu til strandhreinsunar í Sandvík á Reykjanesi þann 1. september. Þetta er fjórða árið sem þessir aðilar taka höndum saman.

Allir grunnskólar landsins, sem eru með 5. bekk, hafa nú fengið að gjöf bekkjarsett af bókinni *Væri ég fuglinn frjáls*, til þess að efla náttúrufræðikennslu en það er eitt af markmiðum Fuglaverndar. Viðtökur við bókinni hafa vægast sagt verið frábærar,

hvarvetna höfum við mætt miklu þakklæti fyrir gjöfina og kennarar hafa tekið nýju námsefni fegins hendi.

Magnús Þorsteinsson, Höfn á Borgarfirði eystra, lést 7. september síðastliðinn, 81 árs að aldri. Magnús hafði mikinn áhuga á fuglum og var félagi í Fuglavernd. Hann var með stórt æðarvarp í Hafnarhólma, þar verpa jafnframt nokkur þúsund lundar og slæðingur af ritu. Hann var frumkvöðull í að byggja upp aðstöðu fyrir fuglaskoðun og setti upp fyrsta fuglaskoðunarskýlið á landinu, við höfnina í Bakkagerði 2001, jafnframt því að byggja upp aðstöðu í Hafnarhólma, aðallega fyrir þá sem vilja skoða lunda. Magnús sinnti athugunum á fuglum og hélt nákvæma dagbók, t.d. yfir komutíma lunda. Það kom í ljós um miðjan október, að Magnús hafði arfleitt Fuglavernd að stórum hluta af landi Njarðvíkur, en 60% Hafnarhólmans tilheyra því. Stjórnin ákvað að þiggja arfinn og verður minning höfðingjans frá Höfn vonandi haldið á lofti um ókomin ár.

12.apríl 2018

Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar.